

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

ROVIO

ANGRY BIRDS IS A REGISTERED TRADEMARK OF
ROVIO ENTERTAINMENT LTD. ALL RIGHTS RESERVED.
COPYRIGHT ©2009-2012 ROVIO ENTERTAINMENT LTD.
ALL RIGHTS RESERVED.



ANGRY BIRDS™



WWW.FAZERCOM/ANGRYBIRDS

Vissir þú að á lífsleiðinni framleiðum við munnvatn í það miklu magni að við gætum með því fyllt tvær sundlaugar?



Hvenær: Þriggja daga námskeið næstu fimm helgar.
Hvar: Í Skeifunni undir Elko.
Hvað: Graffiti-námskeið með áherslu á fræðslu.
Hvað kostar: 19.900 krónur og allt innifalið.
Nánar: www.facebook.com/GraffitiReykjavik

STEINI SHARQ, ELLEN OG MARLON POLLOCK

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

FYRIR STRÆTÓISTA

Það er alltaf óþægilegt að bíða eftir strætó og vita ekki hvort strætóinn sé kominn og farinn eða hvort honum hafi seinkað. Þess vegna er þarfapungur fyrir hvern þann iPhone-eiganda sem notast við strætó að sækja sér Strætó-appið sem gerir notendum kleift að fylgjast með ferð strætisvagnsins sem þeir bíða eftir í rauntíma.



FYRIR KAFFIÞYRSTA

Það getur skipt sköpum hjá háskólastúdent að hella í sig rötsterkum og góðum kaffibolla þegar mikið liggur við. Monitor mælir með því að neman við Háskóla Íslands sýni hagsýni í verki og verði sér úti um 20 bolla kaffikort sem fæst á 1.500 kr. gegn framvísun stúdentakorts eða 75 kr. bollinn.



FYRIR TÓNLEIKAÞYRSTA

Um helgina fer menningarhátíðin Nýjar slóðir fram. Markmið hátíðarinnar er að efla tengingu Færeyja, Grænlands og Íslands í gegnum menningu og listir. Á laugardaginn kl. 18 fara fram tónleikar í flugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkflugvelli þar sem sveitirnar Orka, Nanook, Prins Póló og Guðríð Hansdóttur koma fram.



Allir þurfa sína athygli

Ellen Guðmundsdóttir hefur fengið til liðs við sig rjómann af bestu graffiti-listamönnum þjóðarinnar til að miðla sinni reynslu til yngri kynslóðarinnar.

„Mig langar að kenna krökkunum handbrögðin og svo er þetta mikilvægur liður í því að taka glæpastimpilinn af graffinu,“ segir Ellen Guðmundsdóttir sem stendur fyrir graffiti-námskeiði í Skeifunni næstu fimm helgar. Á námskeiðinu fær Ellen til liðs við sig þekktu graffara sem miðla sinni þekkingu og reynslu til yngri kynslóðarinnar. „Ég vil sporna við kroti og krakkarnir þurfa að læra að bera virðingu fyrir umhverfinu. Þau hlusta á þessa góðu graffara því þau líta upp til þeirra og því er ég mjög glöð að hafa fengið þá til liðs við mig,“ segir Ellen en graffarnir sem munu kenna á námskeiðinu eru Steini Sharq, KEZ, Marlon Pollock, Ýmir, TUNE og CLONE. „Steini var einn af þeim fyrstu í graffinu hér á landi og KEZ flýgur frá Danmörku þar sem hann starfar í

listgreininni en hann er sérstaklega góður í þrívíddartækni. Marlon er flottur listamaður, bæði í graffi og í tónlist, Ýmir er með mjög góða tækni, TUNE þekkir graffiti-senuna mjög vel bæði hér heima og erlendis og CLONE er einnig mjög framarlega í graffinu hér á landi.“

Fá að láta ljós sitt skína

Ellen segir stóran þátt í þessu að gefa krökkunum þá athygli sem þau eiga skilda. „Krakkar sem æfa íþróttir eða tónlist fá tækifæri til að spila fyrir framan annað fólk og því er mikilvægt fyrir krakkana í graffinu að fá líka að láta ljós sitt skína. Þess vegna munum við safna saman öllu því sem þau gera á námskeiðinu og halda stóra sýningu í lokin þar sem öllum stendur til boða að koma og berja listaverkin

augum,“ segir Ellen. Hvert námskeið stendur yfir í þrjú daga og þar læra krakkarnir skissuvinnu ásamt því að fá fræðslu um hvað má og hvað má ekki í umhverfinu. Einnig kynast þau efnunum sem notuð eru í listinni og hvernig á að meðhöndla þau. Á þriðja degi velur svo hver nemandi sitt eigið „tag“ eða gælunafn og spreypjar það upp.

Aðsóknin á námskeiðið fer vel af stað og því um að gera fyrir áhugasama að drífa sig í því að skrá sig. Skráning fer fram á graffitirvk@gmail.com og í síma 661-4107. „Fólk er misjafnt í graffinu alveg eins og í öðrum listgreinum. En það sem einkennir þá sem eru góðir graffarar er að þeir þora. Það skiptir svo miklu máli að leyfa hlutunum bara að flæða.“

Vikan á facebook



Daniel Oliver
Hann er nú svoldið sætur hann Daniel minn :) verst að við erum kallaðir Daniel 1 og Daniel 2 og ég er númer 2! Hver dó og leyfði því að gerast?! - Min þojkvan Daniel är jo jævla söt :) Vi är kallade Daniel 1 och Daniel 2 och det värsta är att jag är nummer 2!! Vem dog och lät det ske?!

4. september kl. 12:06



Logi Geirsson
Eruð þið að grínast með hvað þetta er góður dagur :) Nennir einhver að segja djök.

4. september kl. 11:07



Rurik Gislason
Ef einhver vantar leikara í tonlistarvideoid sitt tha er Aron Gunnarsson ad leika fritt gegn tvi ad hann fai ad sjast i videoinu i halfa sekundu. Mæli med ad folk kiki a njusta Video MC Gauta vid lagid gleymmerei thar sem hann fer a kostum. Sennilega leiksigur!!! — with Aron Gunnarsson.

4. september kl. 10:34



Margrét Erla Maack
hringdi í mömmogpabba og það um borvél í jólagjöf.

3. september kl. 20:56



Alfreð Finn-bogason
Næstum því sigur á Ajax áðan og flug heim núna að hitta landsliðs!

2. september kl. 21:56

FEITAST I BLAÐINU

4 Monitor tók saman það bitastæðasta af innlendu efni sjónvarpsstöðvanna í vetur.



6 Allir Rokkjötnar landsins koma saman undir sama þaki í Kaplakrika á laugardaginn.



8 Björn Thors fer með aðalhlutverkið í nýrri mynd sem ber hið íslenska heiti Frost.



13 Matt-hildur Ylfa Þorsteinsdóttir fór síðast á The Dark Knight Rises í bíó.



Efst í huga Monitor



Jón Margeir Sverrisson

Það er virkilega einfalt að segja frá því þessa vikuna hvað er efst í huga Monitor því það er bara einn drengur sem á hug okkar allan og það er Jón Margeir Sverrisson. Fyrir þá sem ekki kannast við nafnið þá erum við að tala um stolt Íslands um þessar mundir því ekki bara vann hann Ólympíumótíð í 200 metra skriðsundi heldur setti hann í leiðinni nýtt Ólympíu- og heimsmet.



Gæsahúðin gerði fyrst vart við sig þegar pilturinn gekk inn í sundhöllina og var eitursvalur á því og setti hendur sínar skáhallt upp í loftið líkt og Usain Bolt gerir þegar hann fagnar sigri í spretthlaupum. Aftur varð maður var við gæsahúðina þegar Jón Margeir tók fram úr Ástralíum Daniel Fox.

Hjartað tók þó nokkur aukaslög þegar Daniel þessi gaf eilíftíð í í restina en það gerði sigurstundina

ennþá falletti þegar maður sá á Jóni að hann hefði sigrað. Hann sló í vatnið og grét af gleði enda eflaust erfitt að ráða við tilfinningarnar á svo stórrí stundu.

Aftur kíkta svo gæsahúðin í heimsókn þegar Íslenski þjóðsöngurinn ómaði í sundhöllinni í London og fáninn okkar var dreginn upp í rjáfur þegar Jón tók við gullinu.

Jón Margeir var svo elskulegur að taka fyrir okkur Lokaprófið þessa vikuna og stóðst hann það með miklum ágætum eins og sjá má á blaðsíðu 14. Á sömu síðu hrósar íslenska karlalandsliðið í körfuknattleik honum í hástert og sögðu þeir ekkert annað hafa komið til greina.

Monitor vill taka í sama streng og hrósa Jóni Margeiri fyrir þetta frábæra afrek sem erfitt verður að leika eftir. Um leið vill Monitor grobba sig af því að Jón Margeir hefur staðfest það við blaðið að hann muni prýða forsiðuna í næstu viku. Við hlökkum til að fá þennan merka dreng í heimsókn.

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Bláamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári Erwinsson (styrmirkari@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

TÝNDA KYNSLÓÐIN

Björn Bragi Arnarsson snýr aftur í góðra vina hópi og skemmtir sjónvarpsáhorfendum á föstudagskvöldum en Björn Bragi stjórnaði þáttunum síðastliðinn vetur við góðar undirtektir ásamt því að vera reglulega með uppstand og vera gestastjórnaði í FM95BLÖ. Sprækur drengur með hugmyndaflug á við flugdreka.



STEINDINN OKKAR

Steindi Jr. og Bent senda nú frá sér þriðju þáttaröðina af Steindanum og hafa þeir lofað fleiri og einn betri tónlistaratriðum en nýjasta lag þeirra, Ég dansa það af mér, hefur nú þegar slegið í gegn í útvarpi og í netheiminum.



JOHNNY NAZ

Allir virðast með allt lóðrétt niður um sig á Íslandi og því hefur Johnny ákveðið að taka til sinna ráða og vísa Mörlöndum veginn að betra lífi að íbízskri fyrirmynd. Johnny skoðar líka löndin þar í kring og stela því sem nothæft er til þess að fullkomna formúluna að nýja lýðveldinu eða íbízlandi eins og hann kys að kalla hið nýja Ísland.

ANDRI Á FLANDRI

Andri Freyr og tónlistarmaðurinn KK eru nýkomnir frá Bandaríkjunum og Kanada þar sem þeir heimsóttu fólk af íslenskum ættum og segja þeir sjálfir að efnið sem þeir nældu sér í sé ansi skemmtilegt. Verðum við ekki að trúa þeim?



TRYLLT VETRA

Íslenskar sjónvarpsstöðvar hika ekki við að setja mikinn metnað í gerð innlendra sjónvarpsþátta og verður margt á boðstólum fyrir þá sem ætla að glápa á imbann. **Monitor** tók saman það helsta sem í boði verður.



HÆ GOSI

Í ársbyrjun 2013 snúa bræðurnir Víðir og Börkur aftur ásamt fólkinu í lífi þeirra. Við gerð þessarar þriðju þáttaröðar fengu aðstandendur virkilega góðan liðstyrk því Anna Svava Knútsdóttir hjálpaði til við handritaskrifin en hún hefur skrifað síðustu áramótaskaup af miklum snilldarbrag.



SÖNN ÍSLENSK SAKAMÁL

Í þáttunum verður hulunni svipt af gömlum og nýjum íslenskum sakamálum. Sigursteinn Másson segir frá sakamálum sem allir muna eftir en fáir þekkja vel og varpar ljósi á óhugnanlegan og blákaldan veruleika íslenskra sakamála.

ÓUPPLÝST

Þættirnir fjalla um óupplýst íslensk mál og verða byggðir á sögum Íslendinga af óútskýranlegum atvöðum sem hafa átt sér stað. Í þáttunum er komið inn á skyggnigáfu, berdreymi, andsetni, andaglas, huliðsheima og brotnám af völdum geimvera. Rætt er við fólk sem hefur orðið fyrir yfirnátúrulegri upplifun sem og þekktu miðla.



MANNSHVÖRF

Helga Arnardóttir kafar ofan í óleyst lögreglumál í gegnum tíðina. Mannshvörf og glæpir eru meðal vídfangsefna sem gerð verða skil í þáttunum.

NEYÐARLÍNAN

Fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum. Kastljósinu verður beint að sögum sem enda vel.



ÁSTRÍÐUR

Ilmur Kristjánsdóttir fer með hlutverk Ástríður sem er nú orðin forstjóri skilanefndar fjárfestingabanka í borginni, undirmenn hennar eru fyrrum vinnufélagarnir Fanney, Sveinn Torfi og Bjarni. Fyrrum ástmaðurinn Davíð skýtur einnig upp kollinum.



PRESSA III

Þriðja þáttaröðin um blaðakonuna Láru, fjölskyldu hennar og samstarfsmenn. Harðsvírað glæpagengi reynir að ná yfirráðum í undirheimum Reykjavíkur sem ein-kennast af kynþáttahatri og ofbeldi. Sýningarnar hefjast í október.

SPURT OG SVARAÐ



SPURNINGABOMBAN

Logi Bergmann Eiddsson heldur áfram að stjórna þættinum þar sem svörin skipta í raun engu máli. Spurningarnar eru úr öllum áttum og keppendur hver öðrum skemmtilegri.

GETTU BETUR

Það væri enginn vetur á Íslandi án spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Þættirnir hefjast þó ekki fyrr en eftir áramót með Eddu Hermanns í hlutverki spyrils og er ansi margt sem bendir til þess að þeim verði gerð betri skil í Monitor þegar nær dregur.



HA?

Jói G snýr aftur þriðja veturinn í röð í spurningaþættinum þar sem skemmtanagildið skipar stærstan sess. Sólmundur Hólm er honum enn til halds og trausts en Gunnar á Völlum bætist einnig í hópinn í vetur.



2+6

Fróðlegir, frumlegir og ögrandi þættir sem fjalla um ýmislegt tengt kynlífi ungs fólks á Íslandi. Tveir þáttastjórnendur fá send bréf frá áhorfendum og kynna sér svo málefni til að reyna að komast að niðurstöðu með því að tala við fólk sem þekkir málefni af eigin reynslu. Þau tala við ungt fólk og prófa sig sjálf áfram. Þeim til aðstoðar eru svo kynfræðingur og læknir en þó svo að umfjöllunarefni séu ögrandi er markmiðið fyrst og fremst að fræða en ekki sjokkera.

GAME TÍVÍ

Eftir töluvert langt stopp á SkjáEinum snúa þeir félagar Ólafur Þór og Sverrir Bergmann aftur á PoppTívi með þáttinn sinn vinsæla, Game Tívi. Þeir segja frá öllu því heitasta, nýjasta og vinsælasta sem er að gerast í heimi tölvuleikja, hér heima og erlendis.

Endurkoma PoppTívi

PoppTívi reid feittum hesti í kringum aldamótin þar sem félagarnir Simmi og Jói nutu mikilla vinsælda hjá ungu kynslóðinni enda frægir fyrir ýmis skemmtileg uppátæki á hverju virku kvöldi. Þar urðu svo til fleiri sjónvarpsstjórnur á borð við Sveppa og Audda. PoppTívi er nú aftur komið í loftið og því verður spennandi að sjá hvort við fáum nýja kynslóð sjónvarpsstjarna.



RDAGSKRÁ



HLJÓMSKÁLINN

Sjónvarpsþáttaröðin Hljómskálinn naut gríðarlegra vinsælda á RÚV síðasta vetur en í þáttunum var lögð áhersla nýja íslenska tónlist. Þar var ólíkum tónlistarmönnum og hljómsveitum gjarnan stillt upp saman og afraksturinn var oftast en ekki ný og ferskt tónlist.

DANS DANS DANS

Þessi magnaði dansþáttur þjóðarinnar snýr aftur og enn er Ragnhildur Steinunn í hlutverki kynnis og Katrín Hall mun einnig fara fyrir dómaraþróunum. Það verður spennandi að sjá unga og efnilega dansara sanna sig fyrir dómurinum og alþjóð.

BEINT FRÁ BÝLI

Tónleikaröð með Bubba Morthens þar sem valinkunnir tónlistarmenn koma í heimsókn og taka lagið. Ólíkir sveitabæir víðsvegar um landið eru heimsóttir í hverjum þætti og þar er tónleikum slegið upp fyrir heimafólkið.

AÐRIR ÞÆTTIR

Málið (SkjárEinn): Hárbeittir þættir með Sölva Tryggvasyni.
Nýtt útlit með Kalla Berndsen (Stöð 2): Góð ráð frá tisku- og útlitssérfræðingnum.
Spaugstofan (Stöð 2): Spéspegill þjóðarinnar verður á sínum stað.
Sjálfstætt fólk (Stöð 2): Jón Ársæll kann að spjalla við fólk.
Jói Fel (Stöð 2): Massaði bakarinn verður á skjánum eftir áramót.
Hemmi Gunn (RÚV): Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnars rífa upp gamla tíma.
Ísfólkið (RÚV): Ragnhildur Steinunn snýr aftur eftir áramót og ræðir við áhugavert fólk.



HREFNA SÆTRAN

Hrefna Sætran hefur slegið í gegn sem kokkur á Grillmarkaðnum og Fiskmarkaðnum og ætlar hún í haust að sýna landanum hvernig á að grilla.

MASTERCHEF

Ófaglærðir meistarakokkar berjast um að vinna bragðlauka dómnefndar á sitt vald og tryggja sér þar með titilinn Meistarakokkur Íslands. Þátturinn hefur slegið í gegn í yfir 30 löndum víðsvegar í heiminum en dómnefndina skipa þau Friðrika Hjördís Geirsdóttir, sjónvarpskokkur, Eypör Rúnarsson, yfirmatreiðslumaður á Nauthóli, og Ólafur Örn Ólafsson, yfirþjónn á Hótel Marína.



MATSELD

DANS OG TÓNLIST

ROKK OG RÓL


Þeir sem hafa ofnæmi fyrir svita ættu eflaust að halda sig frá Kaplakrika á laugardaginn næsta því þá munu koma saman ekki bara helstu rokkhljómsveitir Íslands heldur helstu rokkaðdáendur Íslands líka.

Alvöru hátíð

Rokkjötmar 2012 eru annað og meira en venjulegir tónleikar því í raun er þetta heill dagur af upplifun. Þannig er fólki ráðlagt að taka daginn frá í heild sinni.

HÚÐFLÚR

Yrr Baldursdóttir býður gestum á Rokkjötnum ókeypis rokkjötmat áttu sem þó má þvo af sér seinna meir. Rokkjötmar sem vilja fá það til eilífðar geta fengið alvöru rokkjötmat áttu á vinnustofu hennar með 75% afslætti.



FÖRUM AÐ SJÁ HAM FARA HAMFÖRUM

VARNINGUR

Á staðnum verður hægt að fá varning merktan hátíðinni sjálfri en einnig verða hljómsveitirnar með eigin varning til sölu og því ætti að vera auðvelt að næla sér í minjagrip frá hátíðinni. Hinn rammíslenski Thors Hammer verður svo með leðurarmböndin sín til sölu á staðnum.

MATUR

Á boðstólum verður meira en bara tónlist því veitingasala verður á staðnum þar sem hægt er að fá mat, alls kyns drykki og sælgæti í úrvali. Fyrir þá alla hungruðustu verður Rokkinn-hamborgarabíllinn á staðnum.

EFTIRPARTÍ

Sjálfsgagt verða margir sem ekki hafa fengið nóg þrátt fyrir átta klukkutíma af rokki og þurfa þeir ekki að örvænta því Rokkjötnaeftirpartí verður haldið á Gauknum að tónleikunum loknum. Þeir sem eru undir áhrifum þurfa heldur ekki að örvænta því boðið verður upp á frjár rútuferðir frá Kaplakrika.



ROKKJÖTNAR 2012

Hvar: Kaplakrika, Hafnarfirði.
Hvenær: Laugardagur, 8. september kl. 16.00
Hvers vegna: Því rokkþyrstur lýðurinn á það skilið.
Hvernig: 8 bestu rokkböndin búa til ógleymanlega stemningu.
Miðaverð: 4.900 krónur

Góðgerðargítarinn

Góðgerðargítar Skálmaldar verður afhentur á Rokkjötnum. Hægt er að bjóða í gítarinn með því að hafa samband við Virka morgna eða Poppland á Rás 2. Gítarinn á sér sögu því Þráinn Árni, gítarleikari Skálmaldar, hefur fóstorað gítarinn undanfarna mánuði og spilað á hann hér heima og erlendis. Myndlistarkonan Yrr Baldursdóttir skreytti gítarinn af sinni alkunnu list og tók ekkert aukalega fyrir það. Allur ágóði af sölu mun renna til Blátt áfram, forvamasamtaka gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.

MEÐLIMIR SÓLSTAFARU GRJÓTHARÐIR

SVEITIRNAR SEM KOMA FRAM

HAM

Hljómsveitin var stofnuð árið 1988 og hefur gefið út 6 breiðskífur. Flest mannsbörn á Íslandi geta orðið sungið með Óttari Proppé og Sigurjóni Kjartanssyni í lögum á borð við Partýbæ, Ingimar og Dauð hóra.

Skálmöld

Skálmöld spilar Víkingarokk af dýrari gerðinni. Piltarnir eru búnir að ferðast mikið erlendis á árinu og eru þéttari sem aldrei fyrir. Platan þeirra Baldur, sem kom út árið 2010, fékk einróma lof gagnrýnenda.

Sólstafir

Árið 1995 stofnuðu félagarnir Aðalbjörn Tryggvason, Halldór Einarsson og Guðmundur Óli Pálmason hljómsveitina en hún hefur breyst eilítið síðan. Halldór hvarf á braut en Svavar Austmann og Sæþór Maríus Sæþórsson gengu til liðs við bandið til að viðhalda þessum einstaka hljómi sem sveitin býr yfir.

Brain Police

Sjálfir segjast meðlimir Brain Police hafa sálir amerískra rokkguða þrátt fyrir að vera allir íslenskir ríkisborgarar. Jónsi í Sigurrós segir Brain Police eina af sínum uppáhaldshljómsveitum og segir hljómsveitarmeðlimi vera frábæra á tónleikum því þeir búi yfir miklum krafti og persónuöftrum.

The Vintage Caravan

Þrátt fyrir að vera ungir að árum hafa strákarnir í The Vintage Caravan rutt sér rækilega til rúms í íslensku rokksenunni. Þeir eru einnig farnir að horfa út fyrir landssteinana enda unnu þeir Global Battle of the Bands á Íslandi fyrr á árinu.

Bootlegs

Bootlegs var stofnuð árið 1986 og er þekkt fyrir að spila gamaldags „trashmetal.“ Sveitin lagði upp laupana árið 1991 en tók góða törn aftur á árunum 2004-2007. Nú troða þeir aftur upp eftir töluvert hlé.

Momentum


Ferðalag Momentum hófst árið 2003 en þá var það sóló-verkefni trommuleikarans Kristjáns og hét Afsprengi Satans. Hörður, Ingvar og Sigurður koma honum nú til aðstoðar í skynörvandi proggröckmetalnum sem sveitin býður upp á.

Endless Dark

Drengirnir í Endless Dark eru allir í kringum tvítugsaldurinn en hafa samt sem áður komið fram á mörgum stórum tónlistarhátíðum í Evrópu.



EKKI FOKKA Í ÞEIM SEM ROKKA



© Photographed by Patrick Demarchelier

elite
MODEL LOOK
ICELAND

CASTING

ELITE MODEL LOOK 2012

N°1 MODEL SEARCH

www.elitemodellook.com/is

08

SEPTEMBER

11:00 - 15:00

SMÁRALIND

 Smáralind



Útrás listafólksins eina alvöru útrásin

Leikarinn **Björn Thors** fer með aðalhlutverk í spennutryllinum **Frost**. Hann ræddi við **Monitor** um háskaleikinn uppi á jökli, stærstu viðurkenningu sem hann hefur fengið og sjálfan **Kenneth Mána**.

Atímabili var þetta eins og sena í myndinni *Alive*, við vorum með tvö *Snickers*-stykki sem var skipt á milli alls hópsins með rakvélarblaði bara til að halda mórallnum uppi,“ segir leikarinn Björn Thors og hlær þegar hann lýsir aðstæðum sem tökulíð spennutryllisins *Frost* fékk að kynnast uppi á Langjökli. Myndin, sem er í leikstjórn Reynis Lyngdal, var frumsýnd í gær og fer Björn með aðalhlutverk. Blaðamaður *Monitor* settist niður með þessum geðþekka leikara, sem ætlaði sér alltaf að fást við gamanleik en hefur á atvinnuleikaraárum sínum sankað að sér drammarullum, og ræddi við hann um *Frost*, tókur á amerískri þáttaröð sem hann lék í í París á dögunum, hinn ódauðlega *Kenneth Mána* og allt þar á milli.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Styrmir Kári

einar@monitor.is
styrmir@mbl.is

Nú starfar þú sem fastráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu. Hver er þín fyrsta minning um leikhús?

Árni Tryggva að syngja lagið hans Láka. Ef ég ætti son, í Gosa í Þjóðleikhúsinu. Ég hef örugglega bara verið þriggja ára en þetta situr kannski helst í mér af því að ég sönglaði þetta lag í mörg ár eftir þetta. Ég man svo sem ekkert eftir sýningunni sjálfri en einhverja hluta vegna er minningin um þetta lag mjög sterk hjá mér.

Hvernig krakki varst þú þegar þú varst að alast upp? Varst þú myndi strákurinn í bekknum?

Úr því að þú spyrd, ætli það ekki bara, já? Ég hef örugglega verið svolítill sprellari, svolítill gosi. Ég var samt mjög ljúft barn, held ég. Mamma segir það.

Manst þú eftir augnablikinu þegar þú hugsaðir: „Já, ég ætla að verða leikari“?

Það er í raun bara frá því að ég man eftir mér. Amma mín var leikkona. Helga Valtýsdóttir, en hún lést áður en ég fæddist. Það hefur alltaf fylgt henni einhvers konar helgiljómi og þar af leiðandi leikarastarfinu líka svo ég held að það eigi klárlega þátt í því að ég var svona harðákveðinn í því að verða leikari.

Ég ætlaði samt alltaf að verða grínleikari. Eins og ég segi var Laddi átrúnaðargoð mitt númer eitt, til dæmis þegar ég fór á grímuböll á árum áður, þá mætti ég sem einhver Laddakarakter. Svo útskrifaðist ég úr leikaranámi og hef nánast bara leikið dramarullur síðan, sem er mjög fyndið.

Þegar þú hlaut Grímuverðlaun fyrir þremur árum ákvaðst þú að tileinka verðlaunin gamla leiklistarkennaranum þínum frá því í grunnskóla. Hvað kom til?

Þessi gamli kennari minn, Anna Flosadóttir, stýrði listkennslu í Hlíðaskóla þegar ég var þar, hún kenndi myndlist og setti upp söngleiki og hvatti krakka til að taka þátt í hinum ýmsu deildum. Þá á ég við sem leikarar, sem búninga- og leikmyndahönnuðir, ljósamenn, tónlistarmenn og þar fram eftir götunum. Þetta gerði hún einhvern veginn alltaf á móti straumnum, hún þurfti alltaf að berjast fyrir því að fá smá-fjármagn í þetta, bæði innan skólans og innan skólakerfisins. Ef ekki hefði verið fyrir þennan kennara þá hefði þetta gríðarlega mikilvæga starf líklega ekki verið unnið, þetta hvíldi allt á einni manneskju. Það fólst því í þessu ákveðin gagnrýni hjá mér. Hún var á skólakerfið og námskrána. Mér finnst ekki nógu mikið lagt upp úr sköpun og listnámi í námskrá grunnskólanna. Skólakerfið sem slíkt styður eða studdi svona verkefni ekki nema að litlu leyti. Það sem ég gerði var því bæði til þess að hrósa Önnu fyrir þetta ofboðslega magnaða starf sem hún vannur innan þessa skóla en ekki síst til að vekja athygli á þeim kennurum í skólakerfinu sem sinna listkennslu.

Hvers vegna er það þér svona mikið hjartans mál?

Ég tel að við höfum séð það til dæmis eftir hrun hve mikill skortur var á kennslu í listum og heimspeki innan skólakerfisins. Það snýst ekki allt um raungrænar,

Ég ætlaði samt alltaf að verða grínleikari. Eins og ég segi var Laddi átrúnaðargoð mitt númer eitt, til dæmis þegar ég fór á grímuböll á árum áður, þá mætti ég sem einhver Laddakarakter.

stærðfræði og hagfræði. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að skilja menningu og listir, enda er listræna útrásin það eina sem situr eftir. Þegar allir bankarnir og öll stórfyrirtækin hrynja, allar fjárfestingar á erlendri grundu orðnar að gufuskyi, þá er útrás listafólksins okkar sem hefur gert garðinn frægan á erlendri grundu eina alvöru útrásin sem átti sér stað. Björk, Sigur Rós, Ragnar Kjartansson, Baltasar Kormákur, rithöfundarnir okkar, myndlistarfólkið okkar sem hefur ferðast um allan heiminn – þetta er það sem stendur eftir. Þetta er ákveðinn punktur sem maður vill koma áleiðis upp í sjálfmennatamáláráðuneytið, sem sagt að listir og menning eru ekki bara mikilvægir hlutir heldur er nauðsynlegt að þeir séu hluti af námskrá. Unglingar eiga að búa við þann valkost að geta farið í listnáms og það á að vera metið innan skólakerfis og metið til jafns við aðrar greinar vegna þess að sköpun er lykilkættur í allri framrás. Hvort sem þú ert að vinna í banka eða í leikhúsi, þá þarft þú að geta hagnýtt þér þekkingu þína á einhvern skapandi hátt, þannig vinnum við. Að sama skapi fæst ákveðinn skilningur á menningu við það að taka þátt í listrænu starfi, þú lærir að lesa milli línanna, ekki bara í listaverkum heldur einnig í dagblöðum, og kemur samfélaginu í menningarsögulegt samhengi, sem er mjög mikilvægt.

Þú hefur orðið þess heiðurs aðnjótandi að hljóta Grímuverðlaun fjórum sinnum. Er það stærsta viðurkenning sem þú hefur fengið sem leikari?

Þetta er dálítið stór spurning. Gríman er fagverðlaun, það er að segja það er mikill munur á þeim og gagnrýnendaverðlaunum að því leyti að Gríman er fólk innan leikhússins að verðlauna það sem því þykir gott. Þar af leiðandi var fyrsta Gríman mín sem ég fékk fyrir fyrsta hlutverkið mitt eftir útskrift eiginlega mesta viðurkenning sem mér hafði hlotnast, að minnsta kosti á þeim tíma. Hún gaf mér mjög mikið, þá leið mér að vissu leyti eins og ég væri meðtekin inn í leikhúsheiminn.

Svo er það þannig að það er svo stutt í hégómann í kringum svona verðlaun. Verðlaun eru svo sérkennilegt fyrirbrigði innan lista því það er ekki hægt að keppa innan þeirra en samt er einhvern hægt að halda svona hátíð og verðlauna einhvern fyrir að vera bestur.

Alvöru verðlaun lífsins liggja náttúrlega í miklu hversdagslegri hlutum en svona hégóma. Það er gaman að fá verðlaun en stærsta viðurkenningin getur samt líka bara verið tilfinning sem þú finnur hjá sjálfum þér eða hrós frá einhverjum sem þú berð mikla virðingu fyrir. Mér þótti til dæmis afskaplega vænt um það þegar Thor Vilhjálmsson heitinn, frændi minn, hringdi í mig eftir að ég lék í Vestrinu eina og hrósaði mér fyrir starf mitt innan leikhússins og bara fyrir að hafa snúið mér að listum því það eru ekki margir innan fjölskyldunnar sem hafa gert það. Það vegur líka þungt þegar fólk sem maður virðir og tekur mark á hrósar manni, eins og konan mín.

Þú ferð með aðalhlutverk í spennutryllinum *Frost* sem verið er að frumsýna. Við hverju má fólk búast í sambandi við þessa mynd?

Myndin er sannarlega spennutryllir með góðri ráðgátu, dulúð auk einhvers konar afls í sögunni sem er mjög áhugavert en hún rær á miklu dýpri mið en hinn dæmigerði spennutryllir. Jón Atli er svo flinkur höfundur

að hann nær að búa til það er kallað „elevated genre“ þar sem mynd er spennutryllir en við nánari athugun er hún svo miklu meira. Það er einhver heimspeki í myndinni, áhugaverðum spurningum er varpað fram um tilveru okkur. Fólk getur því búist við spennandi og óvæntri mynd sem fjallar um þetta kynngimagn íslenskrar náttúru. Jöklar landsins eru eru eins og tímavél, þarna liggur lag eftir lag af Íslandssögu fryst í frystigámi uppi á hálandi. Í jöklu er saga okkar sveipuð einhvers konar dulúð og þetta allt saman nær að festa sig í þetta handrit.

Sagan segir frá vísindamönnum sem vinna uppi á jökli og því fylgir náttúrlega mikil einangrun og einvera. Það er einhver gæsahúð þarna í gangi.

Talandi um gæsahúð þá er myndin tekin uppi á Langjökli. Hversu kalt var það?

Þetta var vangefið. Ég veit ekki hvort fólk muni eftir þessu, en við tókum myndina upp á sama tíma og Grænlandsstormurinn alræmði gekk yfir landið. Við komum upp á jökulinn í storminum sitjandi í átta hjóla austur-þýskum kjarnaoddaskotspalli sem hafði verið breytt í einhvers konar fjallabíl. Við keyrðum í nokkra tíma og þegar við loks komum að settinu sem byggt hafði verið uppi á jökli sögðu leiðsögumennirnir: „Ókei, við erum að fara út núna. Búið ykkur vel. Ef þið týnist, ekki reyna að leita að okkur heldur leggist niður og látið fenna yfir ykkur.“ Þetta voru skilyrðin og svo átti maður bara að geta unnið vinnuna sína rólegur (hlær). Það fengu allir bara sting í magann. Því næst var lína lögð milli bílsins og settsins og við þurftum að tvímenna þegar við gengum á milli, stormurinn var svo þykkur að það mátti enginn vera einn á ferð. Það voru bara svona 15-20 metrar á milli en samt sá maður ekki á milli. Það eru sem sagt engar tölvubrellur eða vindvélar notaðar í þessari mynd heldur er allt sem birtist fólk í myndinni bara virkilegur stormur sem lamdi á okkur helming tökutímans.

Óttaðist þú einhvern tímann um líf þitt?

Ég segi það kannski ekki en þetta var mjög krítískt þegar Grænlandsstormurinn gekk yfir. Okkur var sagt að það væri að koma söguleg lægð yfir landið og að við yrðum að fara upp í trukinn samstundis. Þá fór hann auðvitað ekki í gang og stuttu seinna sló rafstöðinni út. Við vorum föst uppi á jökli í þessu brjáláða óveðri og það leit út fyrir að við yrðum að eyða nóttinni á þessum stað í rafmagnsleysi, að við yrðum bara að hjúfra okkur hvert upp að öðru. Á tímabili var þetta eins og sena í myndinni *Alive*, við vorum með tvö *Snickers*-stykki sem var skipt á milli alls hópsins með rakvélarblaði bara til að halda mórallnum uppi (hlær). Maður upplifði alveg snert af alvöru Cabin Fever-innlokunarkennd. Blessunarlega náði síðan þetta magnaða leiðsögumannateymi að koma bílnum í gang svo við enduðum á að komast niður af fjallinu en leið sem tók venjulega hálf tíma að keyra var farin á sex tímum. Á einum punkti þurftum við öll að taka skóflu í hönd og stökkva út úr truknum og grafa okkur í gegnum stærsta snjóskafli sem ég hef séð.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég var í París í ágúst að leika í bandarísk-franskri sjónvarpsseríu sem heitir Transporter. Þaðan fór ég til Aix í Provence á Suður-Frakklandi.

Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það var einhver Michelin-stjörnum prýddur veitingastaður í litlum bæ í Suður-Frakklandi sem heitir L'isle-sur-la-Sorgue. Ég fékk mér meðal annars innbakaða dúfu, foie gras og fimm tegundir af súkkulaði í eftirrétt. Með þessu var drukkið rósavín, þetta var dásamlegt.

Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Fyrir utan einhverjar barnamyndir með syninum var það Midnight in Paris eftir Woody Allen. Hún er frábær, maður. Ég horfði meira að segja á hana úti í París og gekk um stræti borgarinnar með skjáskotin úr myndinni bara í kollinum.

Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Guð minn almáttugur, þarna hittir þú á veikan punkt. Það var iPhone-inn minn sem ég lét stela af mér í París. Ég keypti hann tíu dögum áður en ég fór út.

Síðasta húsvörk sem ég innti af hendi: Ætli það hafi ekki verið að pakka upp úr töskunum, við erum sem sagt nýkomin heim úr sumarleyfi. Þetta tekur alltaf svona einn til tvo daga, fötin leka svona smám saman úr töskunum og á sína staði.

Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það hefur verið í morgun, þegar ég kvaddi son minn á leikskólanum.



Þetta eru ekki beint aðstæðurnar sem Hollywood-leikararnir eru vanir - að slappa af inni í hjólhýsi í makindum þegar ekki er verið að taka upp.

Nei, ekki beint. Ég var einmitt að koma frá París þar sem ég var að leika í amerískri seríu sem heitir Transporter þar sem ég fékk að kynnast svoleiðis pakka. Þar kom svartur Range Rover að sækja mig á fjögurra stjörnu hótelið mitt á Champs-Élysées til að keyra mig á tökustað, þar sem ég fékk síðan úthlutað hjólhýsi og svoleiðis. Það er svona aðeins meiri „down to earth“-stíll yfir tökustaðnum á Langjökli heldur en París. Þetta gengur samt allt út á það sama, að búa til bíó.

Þú fékkst starfstítl í afmælisgjöf á meðan á tökum stóð, ekki satt?

Jú, það passar. Þegar verið er að taka upp bíómynd þá færðu „call sheet“ og þá er sá sem leikur aðalhlutverk efstur á listanum og þar af leiðandi kallaður „Ásinn“. Í Frosti leikur Dunda, eða Anna Gunnús, stærsta hlutverkið og þar þvi þennan titil á meðan á tökum stóð þangað til að ég átti afmæli 12. janúar. Þá var haldin afmælisveisla handa mér og þá gaf tökuliðið mér þennan titil í afmælisgjöf og upp frá því fékk ég að vera kallaður „Ásinn“ og í staðinn var Dunda hækkuð í tign upp í það að vera „Tían“, sem var vísun í hvað hún er mikill kroppur.

Þú hefur reyndar farið mikið í kvikmyndasenu í héraðs undanfarið, því auk Frosts lékst þú í Borgriki og leikur síðan í Djúpinu og þetta reddast sem verða sýndar seinna á árinu. Hefur þú verið í kvikmyndastuði undanfarið?

Þetta hefur bara atvikast svona, maður stýrir þessu náttúrulega ekki sjálfur. Ég lék í Fangavaktinni og það gekk vel svo í kjölfarið hafa manni boðist fleiri rullur í sjónvarpi og kvikmyndum. Kvikmyndaheimurinn héraðs er kannski ögn lokaður, maður þarf dálítið að sanna sig fyrst og þá er maður einhvern veginn kominn inn. Sagan sem Arthur Miller sagði um velgengi var svolítið góð, hann líkti henni við kokteilboð. Þú ert staddur í herbergi þar sem allir eru að fá sér kampavín og með því og svo fylgjast allir með ákveðnum dýrum í herberginu. Þig langar rosalega að komast í gegnum þessar dýr svo þú ákveður að byrja að yta á hurðina en hún haggast ekki, þú ytir og ytir þangað til allt í einu opnast dýrnar hinum megin frá og þú dettur inn. Þá ert þú allt í einu mættur í annað kokteilpartí sem er eiginlega alveg eins og partíið í hinu herberginu svo þú færð þér annað glas en tekur þá eftir því að þarna eru aðrar dýr sem allir eru að reyna að komast í gegnum. Þú vinnur þig yfir að þeim og svona heldur þessi leikur endalaust áfram. Svona virkar velgengnin eiginlega, þótt

þú hafir ákveðinn metnað fyrir því að komast í gegnum þessar dýr þá stýrirðu því ekki alltaf beint sjálfur, það er einhver annar sem á endanum opnar fyrir þér og þú dettur inn. Þetta er ein þæling en að vissu leyti stýrir maður náttúrulega sínum örlögum sjálfur, þetta er sem sagt samspil nokkurra þátta.

Hvernig nærð þú þér niður eftir að hafa verið í karakter? Ef þú ert til dæmis að leika hádramatíska senu í leikhúsi, ert þú þá tilbúinn að mæta í partí beint eftir sýningu og vera hress og kátur?

Ég hef leikið dálítið mikið af dramatískum rullum frá því að ég útskrifaðist og fyrst gat það tekið mig tvo, þrjá tíma að jafna mig eftir svona sýningu. Það virðist vera sem maður læri svolítið með tímanum að loka og opna þessi hólf. Mér fannst til dæmis mjög óþægilegt þegar fólk var að koma baksviðs eftir sýningu að heilsa upp á fólk, ég var enn í geðshringingu lengi eftir sýninguna. Þetta er samt mjög misjafnt eftir sýningum, sumar sýningar hafa einhvern veginn lengri hala en aðrar.

Í leikhúsinu erum við alltaf að segja heilar sögur, áhorfendur ganga í gegnum allt með karakterunum, en þegar þú tekur upp bíómynd þá ertu alltaf bara að vinna með brot sögunnar í hvert skipti. Það er hluti af ástæðunni fyrir því að það getur verið erfitt að ganga almennilega út úr leikhúsinu.

Að lokum má maður til með að spyrja hvað sé að fréttu Kenneth Mána, sem þú túlkaðir í Fangavaktinni. Finnur þú enn fyrir viðbrögðum við honum?

Ætli hann sé ekki bara ennþá lokaður inni á Litla-Hrauni? Ég finn enn fyrir viðbrögðum, það er mjög skemmtilegt. Hann var nú ekki stór rulla í Fangavaktinni en hann náði einhverjum samhljómi við fólk. Hann var náttúrulega vel skrifaður og aðstæðurnar við tökurnar á þessum þætti, sem sagt meðleikendur, handritateymið og allt, voru einhvern veginn þess eðlis að ég vissi bara sjálfkrafa hvernig hann ætti að vera. Stundum gerist þetta þannig en stundum krefst karakterspöpun miklu meiri undirbúnings.

Var ekki bara málið að fólk fannst það þekkt hann?

Hann var einhver figúra sem við könnumst einhvern veginn öll við svo fólk gat líklega tengt strax við hann.

BJÖRN Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 120178.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Held að það sé Snæfellsnesið. Við eigum sumarhús við Snæfellsnesið og það er bara himnaríki á jörðu.

Uppáhaldshlutverk til þessa: Hver rulla hefur einhvern veginn sinn sjarma og maður reynir alltaf að finna það áhugaverða í hverri rullu fyrir sig. Það er eiginlega ekki hægt að gera upp á milli þeirra. Ég hef heldur aldrei átt neitt draumahlutverk eða slíkt.

Það sem ég sakna mest við árin í leiklistarskólanum: Þegar ég var í leiklistarskólanum var ég alltaf að biða eftir því að útskrifaðist, mig langaði bara að fara að vinna. Auðvitað var mikið líf og fjör í skólanum svo ég sakna líklega þess auk spennunnar sem var svolítið í loftinu í kringum útskrift.

Uppáhaldsþrótt: Ég æfði handbolta þangað til ég var unglingur og hef mjög gaman af því að horfa á hann. Ég spilaði fótbolta með leikurum í leikhúsinu þangað til ég náði að slíta eitthvað í hnénu á mér.

Æskuátrúnaðargöb: Öll mín átrúnaðargöb voru grínleikarar. Siggí Sigurjóns, Örn Árna og sérstaklega Laddi.



SMÁA LETRIÐ



KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Forðast að horfa mjög oft á sömu myndir, konan mín er hinsvegar í

nostalgísku sambandi við DVD spilarann og með sérstakt dálæti á gömlum Woody Allen myndum og Dustin Hoffman í kringum fertugt.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: Husbands and Wives á fyrrnefndum nostalgíukvöldum.

Myndin sem ég væli yfir: Lokasenan í síðastu Toy Story myndinni fór alveg með mig.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Star Wars.

Versta mynd sem ég hef séð: Við í hárðasta kjarna Leikfélags MH vorum staddir í partýsenu í Nei er ekkert svar - ég held að við höfum staðið okkur vel þar.



TÓNLIST

Lagið í upphaldi þessa stundina: Valtari Sigur Rósar er á fóninum.

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina: Kemst alltaf í gír með Miles Davis.

Lagið sem ég fíla í laumi: The Winner Takes It All með ABBA.

Lagið sem ég syng í karóki: Ég get ekki karóki.

Nostalgíulagið: Riders on the T-torn með The Doors.



FORM OG FÆÐI:

Uppáhaldsmatur: Ítalskur, norður-afrískur og svo er ég „sökker“ fyrir góðum eftirréttum.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Græn epli, spínat, appelsínudjúg og engifer í klakþeyting.

Versti matur sem ég hef smakkað: Hundgamall skarfur sem við Jörundur Ragnarsson veiddum við Ísafjarðardjúp fyrir nokkrum árum.

Líkamsræktin mín: Ég hjóla í Laugar til að komast í gufuna, svo er Vesturbæjarlaugin klassik.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Af fjölmörgum valmöguleikum held ég að ég verði að nefna innanfótarhælsþrymuna úr leikaraboltanum sem endaði í netinu - ógleymanlegt!



DANS STUDIO WORLD CLASS

HAUSTÖNN HEFST 10. SEPTEMBER

**FRÍTT LÍKAMSRÆKTARKORT FYLGIR
FYRIR 15. ÁRA OG ELÐRI**

**COMMERCIAL / JAZZ FUNK /
JAZZ / HIP HOP / BROADWAY**

NÝTT! VALTÍMAR
ALLA FÖSTUDAGA KOMA GESTAKENningarAR OG KENNA
MISMUNANDI DANSSTÍLA. FYRSTI GESTAKENningarARINN
ER ÁSGEIR HELGI Í ÍSLENSKA DANSFLOKKNUM



**SKRÁNING ER HAFIN Í S. 553 0000
OG RAFRÆNT Á WORLDCASS.IS**

MONITOR

LUMAR ÞÚ Á GÓÐUM HUGMYNDUM?

...fyrir blaðið og MonitorTV

monitor@monitor.is

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 - LYFJABORG APÓTEK,
Borgartúni 28 - GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti - APÓTEK HAFNARFJARÐAR,
Tjarnarvöllum 11 - ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 - LYFJAVER,
Suðurlandsbraut 22 - APÓTEK GARDABÆJAR, Litlatúni 3



Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan



Hálendis spjót

NÝTT

Fjallalamb á framandi máta

Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífuolíu, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuduðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu

2.690 kr.



LIFE IS BEAUTIFUL



Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi,
sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is

kvikmyndir

Bear: „No Harry, you're the man." **Armageddon (1998).**
Blessuð sé minning Michael Clarke Duncan.



FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Frost

Frost fjallar um ungt par, Öglu, sem er jöklafræðingur, og Gunnar, kvikmyndagerðarmann. Þau koma að mannlausum rannsóknarþúðum á hálendi Íslands. Leiðangursmenn virðast hafa horfið á dularfullan hátt. Agla og Gunnar standa frammi fyrir óþekktu, banvænu afli. Tökur á myndinni hófust í desember á síðasta ári. Hefur Reynir Lyngdal, leikstjóri myndarinnar, lítið vilja gefa

Leikstjóri: Reynir Lyngdal.

Aðalhlutverk: Björn Thors, Anna Gunnís Guðmundsdóttir, Helgi Björnsson, Hilmar Jónsson, Valur Freyr Einarsson og Elma Lís Gunnarsdóttir.

Lengd: 80 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.

Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Kringlunni.

upp um söguþráðinn en ljóst er að hér er á ferðinni vísindaskáldsögutryllir sem gerist í ekta íslenski veðráttu uppi á jökli. Handritið skrifaði Jón Atli Jónsson en forsiðufyrirsæta Monitor þessa vikuna, Björn Thors, fer með aðalhlutverkið ásamt Önnu Gunnísi Guðmundsdóttir sem margir ættu að kannast við eftir að hún kom fram sem Hildur Líf í síðasta áramótaskaupi.

VILTU VINNA MIÐA?



Monitor ætlar að gefa miða á Frost, fylgstu með ...
facebook.com/monitorbladid

Lipur og snör í snúningum

Skjár: 15,6" HD LED glampafrír með myndavél.

Upplausn: 1366x768 punkta.

Örgjörvi: Intel Core i3 2350M 2,3GHz, dual core.

Harður diskur: 500 GB 7200sn.

Skjástýring: Intel HD graphics 3000.


Minni: 4 GB 1600 MHz DDR3.

Rafhlaða: Allt að 5 klst. og 40 mín.

Litur: Svartur eða rauður.

Ábyrgð: 3ja ára, rafhlaða 1 ár.

Verð: 124.900 kr.



6 mánaða vaxtalaus lán fyrir handhafa VISA.
3,25% lántökugjald og 320 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

€530

lenovo

Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is



NÝHERJI



Líska Hafliðadóttir
liska@monitor.is



ALLAR FLÍKURNAR Á ÞESSARI MYND
VERÐA TIL SÖLU Á LAUGARDAGINN

Myndir/Galli

Á laugardaginn kemur ætla stúlknakórinn **Graduale Nobili** að halda risastóran fatamarkað í portinu á Faktorý niðri í miðbæ. Stelpurnar hafa verið að túra víðsvegar um heiminn síðustu mánuði með **Björk Guðmundsdóttur** og nú eru þær komnar heim, skítblankar og eiga allt of mikið af fötum.

Flottur og fjölbreyttur fatamarkaður

Hvað eru þið búnar að vera að gera síðustu mánuði? Þetta árið erum við búnar að vera á ferðinni meira og minna síðan í lok janúar og þá alltaf að túra með Björk. Við fórum til Norður-, Mið og Suður-Ameríku og Evrópu. Við vorum mánuð í New York, einn og hálfan mánuð í Suður-Ameríku og síðan tókum við Evróputúr í sumar.

Hvernig upplifðu þið þetta? Þetta var algjör sníll, eiginlega draumi líkast. Þetta er besta vinna í heimi.

Eru þið að fara að túra meira með Björk? Við vitum rosaltíð um framhaldið, það kemur líklegast bara í ljós á næstu vikum. Við vitum allavega að það verður ekkert meira túrad á þessu ári, Björk er búin að tilkynna það.

Hvað tekur nú við eftir að þið eruð komnar heim? Hversdagslífið, það verður gott að komast aftur í venjulega rútínu. Margar af okkur eru að fara aftur í skóla, sumar í söngnám og aðrar í háskólanám. Síðan byrja sunnudagsæfingarnar í Langholtskirkju aftur.

Hvers vegna ákváðu þið að halda fatamarkað? Við erum allar skítblankar eftir ferðalagið. Við erum búnar að fara allt of oft í H&M og Primark og versla á klikkuðum second hand-fatamörkuðum í Úrúgvæ og víðar og nú er tímabært að rýma til fyrir nýju fötum. Þess vegna ákváðum við að halda



HÁLSMENID BJÓ EINN
KÖRMEÐLIMURINN TIL,
FLEIRI SVONA VERÐA
TIL SÖLU Á MARKAÐNUM

fatamarkað á laugardaginn kemur klukkan eitt á Faktorý. Við hvetjum alla til að koma.

Hvernig föt eru þið að fara að selja? Sumar okkar eiga börn svo það verður eitthvað af barnafötum og jafnvel verður eitthvað af kærastafötum líka, sem sagt strákafötum, en þetta eru langmest stelpuföt. Við erum með mikið af kjólum, skóm, samfestingum, yfirhöfnum eins og leðurjökkum og

pelsum og svo verðum við líka með skart. Nokkrar í kórnum hafa verið að búa til allskonar fallega muni eins og hálsmen, loðkraga og húfur og verður það einnig til sölu. Það verða allar stærðir í boði, við erum mjög fjölbreyttar í laginu. Einnig verða nánast öll skónúmer, við notum allar misstórar stærðir svo það ættu flestir að finna eitthvað í sinni stærð. Síðan erum við með mjög ólíka fatastíla svo fjölbreytnin og úrvalið verður mikið.

Hafi þið allar mikinn áhuga á tísku? Já, flestar af okkur. Við sem erum að fara að taka þátt í fatamarkaðinum, sem eru svona sextán af tuttugu og fjórum, höfum allar mikinn áhuga á tísku.

Verður verðinu haldið í lámarki? Verðið verður allt ákveðið fyrir fram. Það verður ekki hægt að prúttu nema eitthvað alveg sérstakt komi upp, en þetta verður allt á mjög góðum prís. Það verður flest á bilinu 500 til 2.000 krónur, en svo verða einhverjar undantekningar eins og ef við erum að selja alveg ónótaðar flíkur.


Eitthvað að lokum? Við hvetjum alla til að koma. Fatamarkaðurinn er opinn milli eitt og fimm og verður í portinu á Faktorý ef veður leyfir, annars verður hann fluttur inn. Það er um að gera að kíkja við, fá sér einn bjór og kaupa sér flott föt. Hver veit nema við tökum lagið og spilum skemmtilega tónlist.



ÞENNAN KLIKKADA
VELÚRKJÓL VERÐUR
HÆGT AÐ FÁ
Á MARKAÐNUM



STÚLKURNAR ERU
EKKI BARA GÓÐAR AÐ
SYNGJA, ÞÆR ERU
LÍKA SVADALEG MÓDEL



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Björn Bragi Arnarsson.
 Á forsíðu: 1. september 2011.
 Fyrirsögn viðtals: Snýst um ógleymanleg augnablik.

Heyrðu ég er bara góður. Fyrir ári hóf ég að stýra þættinum Týnda kynslóðin sem snýr einmitt aftur á skjáinn núna á föstudaginn. Það er mikil tilhlökkun og við ætlum að taka dæmið upp á annað plan. Fyrir á árinu héldum við í Mið-Íslandi uppistandssýningar á stóra sviði Þjóðleikhússins og fylltum salinn sex sinnum. Sýningin var tekin upp og verður sýnd á Stöð 2 í október en um svipað leyti munum við einmitt mæta með nýja sýningu á stóra sviðið. Ég hef ferðast slatta og í júlí fór ég til New York í skemmtilega ferð. Það var í fyrsta skipti sem ég kom til Bandaríkjanna, ótrúlegt en satt! Í ágúst hljóp ég maraþon í fyrsta skipti og tókst að safna rúmlega 400 þúsund krónum fyrir Krabbameinsfélagið. Það var einstök upplifun. Já, svo er ég í FM95BLÖ á mánuðögum og fer einu sinni í viku í mat til mömmu og pabba.

Ást til Monitor og lesenda blaðsins!



LOL-MAIL MONITOR

Sæll Björn Jör-Undur

Til lukku með nýja lagið með Gabríel og co. Lumar þú á einum góðum?

Pakkir, JR

Sæll Jón.

Hér er brandarinn:

Þjónn hafið þér froskalappir? - Nei ég geimfara svona.

Ég skora á Þorvald Bjarna Þorvaldsson tónskáld Gulleyjunnar að koma með einn góðan.

kv. bjf

LOKAPRÓFIÐ

| 6. september 2012 |



Ég heiti Jón Margeir Sverrisson Ef ég væri ekki Jón Margeir Sverrisson væri ég til

Þú veist hver ég er af því að ég er góður í sundi



Þegar ég var nýgenginn inn í sundhöllina fyrir úrslitasundið í 200 metra skriðsundi á Ólympíumótinu í London þá

- a) setti ég hendurnar í sömu stöðu og Usain Bolt gerir þegar hann fagnar sigri
- b) heyrði ég ekki í áhorfendum af því að ég var svo einbeittur
- c) hugsaði ég hvað það væri magnað að vera kominn svona langt í sundíþróttinni
- d) fann ég strax að ég myndi sigra
- e) af því að þarna er bestur og það er flatt

Fyrirmyndin mín í sundinu er

- a) Örn Arnarson
- b) Jakob Jóhann Sveinsson
- c) Kristín Rós Hákonardóttir
- d) Michael Phelps
- e) þarna er bestur vegna þess að



Þegar ég leit á úrslitavélfloka eftir sundið og sá mitt nafn efst á lista þá

- a) grét ég af gleði.
- b) hugsaði ég til allra sem hafa hjálpað mér í gegnum tíðina í sundinu.
- c) var ég fátænlega ánægður.
- d) var ég ekkert að hugsa hvað ég væri ofboðslega þreyttur.
- e) _____

Í sundinu setti ég nýtt heimsmet og Ólympíumet en

- a) það er eitthvað sem ég stefndi að fyrir sundið.
- b) það er eitthvað sem mig óraði ekki fyrir áður en ég stakk mér til sunds.
- c) ég hef ekki þælt í því fyrir en nú hvað það er í raun fátænlega góður árangur.
- d) Ég ketta að Vina Daniel Fox Eiginhandararitunin mín lítur svona út: Jón Margeir



- í að vera
- a) Jón Páll Sigmarrson, kraftagoðsögn
- b) Jón og Margeir, vörublastöð í Grindavík
- c) Jónas Margeir Ingólfsson, fréttamaður á Stöð 2
- d) Jón Daði Böðvarsson, knattspyrnumaður í liði Selfoss.
- e) þarna er bestur



Þegar ég er ekki að synda þá finnst mér skemmtilegast að hjúta í dökkuhl

en leiðinlegast að vakna snemma kyrr efringu

Það sem kemur fólki mest á óvart við mig er hvað ég hef mikið að segja og þar á milli

Til að koma mér í girinn fyrir sundið þá hlusta ég

- a) á Keyrum þetta í gang með Friðriki Dór, Blaz Roca og Henrik Biering.
- b) á All I Do is Win með DJ Khaled, Snoop Dogg, Ludacris, T-Pain og Rick Ross.
- c) ekki á neina tónlist heldur ihuga ég bara.
- d) á Friður með Sóldögg.
- e) Iran Madden techno ri mex snow tek Síðasta sms sem ég fékk var frá bræf forsetanum og í því stóð:

hæfningju öskir og fleira

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn myndi sjá myndi ég skrifa:

Jón Margeir Sverrisson átt nú lamark 470ir 1500m skriðsund þar R10 ofatlarða



VEL GERT

Jón Margeir Sverrisson
 Landsliðið í körfuknattleik þakkar Arnari Péturssyni hlý orð og hrósar þessa vikuna Jóni Margeiri Sverrisyni fyrir afrekið hans í sundi þar sem hann setti nýtt heims- og Ólympíumet í 200 metra skriðsundi á Ólympíumótinu í London. Þetta var einróma ákvörðun hjá okkur strákunum í liðinu enda er Jón Margeir ekkert nema snillingur.



EDDA HERMANNSS

ÉG HEF ALDREI

- 1 ... lært að drekka kaffi eins og annað fullorðið fólk. Langar þó mjög oft til að kunna það þegar ég vakna klukkan sex á morgnana.
- 2 ...sleppt því að baka í hverri viku eftir að ég fór að búa sjálf. Það er hin fullkomna slökun að skella í köku eða bollakökur á huggulegum laugardegi.
- 3 ...skilið áhorf á enska boltann fyrir en ég byrjaði í Fantasy Premier League með vinnufélögum. Nú er hápunktur helgarinnar að metast við eiginmanninn um stigafjölda.
- 4 ...hlaupið hálfmaraþon fyrir en í sumar þegar ég ákvað að skella mér eftir 3-4 hlaupaefingar. Á maður ekki annars að monta sig í blöðunum?
- 5 ...verið þolinmóð og kunnað að bíða. Kemur mér ansi oft í koll!

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir, Ólympíupía, filar:

KVIKMYND: Það eru til svo ótrúlega margar skemmtilegar myndir en seinast þegar ég fór í bíó, sem er frekar langt síðan, fór ég á The Dark Knight Rises. Mér fannst hún geðveik.



ÞÁTTUR: Uppáhaldsþættirnir mínir eru Desperate Housewives. Ég er alltaf að deyta úr spenningi þegar ég horfi á þessa þætti. Mér finnst þeir vera mjög skemmtilegir en núna eru þeir búnir, það er mjög leiðinlegt, ég sakna þeirra.



BÓK: Uppáhaldsbókin mín er Hunger Games. Ég er reyndar núna að klára fyrstu bókina en ég er alveg að verða búin með hana. Ég hlakka ekkert smá-mikið til að lesa hinar tvær bækurnar.



PLATA: Það er mjög langt síðan ég keypti mér plötu, þannig ég á enga uppáhalds plötu en ég á fullt af uppáhaldssöngvurum og hljómsveitum, til dæmis Rihanna, Of Monsters and Men og fullt af fleirum.



VEFSÍÐA: Uppáhaldsvefsíðan mín er Facebook, ég fer eiginlega alltaf inná Facebook þegar ég hef ekkert að gera.



Síðan eru auðvitað mbl.is og ifsport.is líka á toppnum.

STAÐUR: Uppáhaldsstaðurinn er klárlega London núna. Það er ekkert smá-mikið stuð hérna. Það er líka





SNERTU FRÉTTIR SEM SNERTA ÞIG

Háskólanemar geta nú tryggt sér iPad-Moggann, iPad-áskrift að Morgunblaðinu og nýja iPadinn til eignar, á aðeins 2.990 kr. á mánuði í 30 mánuði. Tilboðið gildir aðeins fyrir háskólanema og aðeins í takmarkaðan tíma.

Gríptu tækifærið og farðu á

www.mbl.is/mogginn/ipad

SÍÐASTI SÉNS

Tekist hefur að útvega takmarkað magn af nýja iPadinum á þessum líka kostakjörum fyrir háskólanema.

EKKI MISSA AF ÞESSU!



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.